

## **11. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, mánudaginn 20. júlí. 2015 kl. 12:00.**

**Mætt eru:** Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteynn Hermundsson, Aðalbjörn Arnarsson, Steinunn Leósdóttir og einnig sat fundinn Elías Pétursson, sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Formaður spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá:

### **1. Umsókn fyrir byggingu svala, Austurvegi 6.**

Sölvi Steinn Ólason óskar eftir leyfi til að byggja svalir við íbúð sína að Austurvegi 6. Það er það gert í samráði við eiganda íbúðar á fyrstu hæð Austurvegar 6. Umhverfisnefnd telur að ekki þurfi að fara með málið í frekari grenndarkynningu en fyrir eiganda fyrstu hæðar Austurvegar 6. Samþykkt samhljóða.

### **2. Umsókn um leyfi vegna byggingar bílskúrs og stækkunar íbúðarhúss að Hálsvegi 5.**

Eigendur að Hálsvegi 5, óska eftir leyfi til að byggja bílskúr og stækka hús sitt um eitt herbergi. Um er að ræða byggingu 60m<sup>2</sup> bílskúrs og 20m<sup>2</sup> stækkun á húsi. Eigendur óska einnig eftir því að að núverandi bílskúr verði skráður sem geymsla. Eigendur telja að sá bílskúr geti ekki nýst sem bílskúr þar sem hann sé of lítill og illa farinn.

Umhverfisnefnd samþykkir beiðnina en eigendur Hálsvegar 5 verði að grenndarkynna fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir eigendum eftirtalinna eigna: Hálsvegar 3, 4, 6, 7 og 8.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Hálsvegur 12, lóðaúthlutun.**

Erindi dagsett 17.07. 2015 þar sem Elías Pétursson sveitarstjóri f.h. Langanesbyggðar óskar eftir að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi vegna úthlutunar lóðar við Hálsveg 12 á Þórshöfn. Þann 11. júní 2015 var umræddri lóð úthlutað með vísan í yfirlitskort frá Teikn - ráðgjöf og hönnun dags. 10 apríl 2015. Stækka þarf skilgreint íbúðarsvæði við Hálsveg á Þórshöfn til samræmis við úthlutun lóðarinnar. Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að vinna aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Samþykkt samhljóða.

### **4. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám að Bakkavegi 17.**

Eyþór Jónsson sækir um stöðuleyfi fyrir 20 m<sup>2</sup> gám sem staðsettur skal bakvið iðnaðarhús að Bakkavegi 17. Samþykkt samhljóða að veita leyfi til eins árs.

### **5. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna urðunarstaðs á Bakkafirði.**

Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Umhverfis- og skipulagsnefnd

leggur til að sveitarstjóri hefji undirbúning vegna umsóknar um starfsleyfi. Samþykkt samhljóða.

**6. Hugmyndir að gönguleiðum.**

Farið var yfir hugmyndir að gönguleiðum á Þórshöfn.

Lagt til að málaðar verði gangbrautir og sett upp merki við göngustíg við Miðholt og Austurveg.

**7. Sorpmál.**

Mikil umræða fór fram um sorpmál og hver væru næstu skref. Stefnt að því að Umhverfis- og skipulagsnefnd skoði önnur sveitarfélög með það í huga hvort Langanesbyggð gæti nýtt sér eitthvað þar.

**8. Erindi frá sveitarstjórn Langanesbyggðar til Umhverfis- og skipulagsnefndar.**

a. Hestúshverfi.

Rætt um að skoða svæðið neðan og norðan við steypustöð fyrir hestús. Lagt til að gerð verði frumdrög af svæðinu.

b. Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Lagt fram til kynningar.

**9. Önnur mál.**

Vegna mikilla fyrirspurna um hæsnahald leggur Umhverfisnefnd til að settar verði reglur um hversu margar hænur mega vera á heimili í þéttbýli Langanesbyggðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.14:15.